

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir og deiliskipulagsbreytingar:

1. *Deiliskipulag frístundabyggðar Búgarðs í landi Ásgarðs, hluti III (milli Búrfells-lækjar og lands Syðri-Brúar í Grímsnesi.*  
Deiliskipulagið nær til um 218 ha lands þar sem gert er ráð fyrir 125 frístundahúsalóðum þar sem reisa má 150 m<sup>2</sup> frístundahús og 25 m<sup>2</sup> aukahús. Þar sem þetta svæði skarast við svæði tveggja gildandi deiliskipulagsáætlana, annars vegar deiliskipulags frá 19. október 1997 með síðari breytingum og hins vegar frá 17. janúar 2001 með síðari breytingum, er mörkum þeirra breytt samhliða.  
Samþykkt í sveitarstjórn 6. júlí 2005.
2. *Deiliskipulag frístundabyggðar við Kvennagönguhóla í landi Minna-Mosfells í Grímsnesi.*  
Á 22 ha svæði er gert ráð fyrir 20 frístundalóðum á bilinu 6.300 -14.000 m<sup>2</sup>. Heimilt er að reisa 150 m<sup>2</sup> frístundahús á hverri lóð ásamt 25 m<sup>2</sup> aukahúsi. Hámarks-hæð húsa er 6 m.  
Samþykkt í sveitarstjórn 21. september 2006.
3. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar að Bjarnastöðum I, Tjarnholtsmýri í Grímsnesi.*  
Breytingin felst í að lóðunum nr. 13 (10,1 ha) og 15 (9,5 ha) er skipt niður fjórar lóðir, þ.e. 13 (2,71 ha), 13a (7,39 ha), 15 (2,5 ha) og 15a (7,0 ha).  
Samþykkt í sveitarstjórn 17. ágúst 2006.
4. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar Búgarðs í landi Ásgarðs, hluti II milli Búrfellsvegur og Búrfellslækjar í Grímsnesi.*  
Í breytingunni felst að sá hluti svæðisins sem liggur næst Sogsvegi, sunnan Búrfellsvegur, er felldur út þar sem nýtt deiliskipulag tekur yfir það svæði.  
Samþykkt í sveitarstjórn 6. júlí 2005.
5. *Breyting á deiliskipulagi frístundasvæðis Búgarðs í landi Ásgarðs, við Tjarnhóla, norðan Búrfellsvegur í Grímsnesi.*  
Í breytingunni felst að sá hluti svæðisins sem liggur næst Sogsvegi, norðan Búrfellsvegur, er felldur út þar sem nýtt deiliskipulag tekur yfir það svæði.  
Samþykkt í sveitarstjórn 6. júlí 2005.
6. *Breyting á deiliskipulagi í landi Norðurkots, við Selhól í Grímsnesi.*  
Gert er ráð fyrir að lóðunum milli Selhólsvegur og Kóngsvegur fækki úr 9 í 5 og stækki einnig. Skilmálar breytast ekki.  
Samþykkt í sveitarstjórn 26. október 2006.

Nr. 1157

19. desember 2006

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 19. desember 2006.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 5. janúar 2007